

Nesbúegg ehf.
Vatnsleysuströnd
190 Vogar

14. ágúst 2025
UOS2501542/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 4. júní 2025 – Nesbúegg ehf, Vatnsleysuströnd, ID 406

Þann 4. júní 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Nesbúegg ehf. á Vatnsleysuströnd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin opin frávik eru frá eftirliti frá árinu 2024.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að bæta tiltekt á svæðinu og farga rusli á viðeigandi hátt.

Átta frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfi. Starfsleyfið er útrunnið, rann út 6. maí 2025.
2. Ákvæðum í reglugerð nr. 851/2002, skil á grænu bókhaldi. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til eftirlitsaðila.
3. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 24 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla. Engar mælingar né útreikningar fyrir árið 2024 voru gerðar á köfnunarefni né fosfór.
4. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 25 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla. Engar mælingar né útreikningar fyrir árið 2024 voru gerðar á ammóníaki.
5. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Sóðaskapur var fyrir framan eitt eldishúsið, virðist sem að skít úr búinu hafi verið smúlað út á plan.
6. Gr. 9.2 í starfsleyfi. Fóður og hráefnisgeymslur skulu vera lokaðar og varðar ágangi meindyra og fugla. Fóðurrör hafði lekið og fóður var á jörðinni.

7. 41. gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.
8. Ákvæðum í reglugerð nr. 990/2008 um skil á útstreymisbókhalði. Útstreymisbókhalð barst eftirlitsaðila 12. júní 2025 og telst frávikin lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. september 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits